

Starfsgreinaráð	Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Starfsheiti	Félagliði
Dagsetning	9. apríl 2021
Útgáfunúmer	2.0

Starfalýsing:

Félagliði vinnur á félags-, heilbrigðis- og menntasviði við að aðstoða einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri aðstoð að halda við athafnir daglegs lífs og styðja þá til sjálfshjálpar. Þeir aðstoða og leiðbeina einstaklingum við að sinna félagslegum og líkamlegum þörfum sínum. Félagliðar búa yfir þekkingu til að greina mismunandi aðstæður fólks og geta metið hvenær þörf er á aðstoð og hvenær er rétt að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði þjónustunotenda. Markhópurinn er einstaklingar með fötlun, geðraskanir, aldraðir, langveikir og aðrir sem vegna fötlunar eða sérstakra aðstæðna þurfa stuðning til lengri eða skemmri tíma. Félagliði þekkir úrræði sem til eru og veit hvar nálgast má frekari upplýsingar. Félagliði vinnur í samstarfi við annað fagfólk að gerð einstaklings- og þjálfunaráætlana. Hann vinnur náið með öðrum fagstéttum og hefur samskipti við aðstandendur og aðra sem að málum koma.

Hæfnikröfur:

Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum tengdum félagslegri þjónustu og umönnun á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Lagar tjáskipti sín að ólíkum viðmælendum í samræmi við aðstæður. Les líkamstjáningu, svipbrigði og raddblæ til að meta hvort skilaboð skiljist. Getur sett sig í spor annarra og haldið ró sinni í samskiptum við mismunandi einstaklinga.

Á fagleg samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur, samstarfsfólk og samstarfsaðila.

Les þarfir og aðstæður þjónustunotenda og bregst við á faglegan hátt.

Skipuleggur störf sín við félagslega virkni, afþreyingu, umönnun. Sýnir sjálfstæði og ábyrgð í störfum.

Ábyrgist framkvæmd og eftirlit með skráningu á þjónustu við notendur.

Ber ábyrgð á, skipuleggur og útfærir faglegt starf ásamt því að sinna fjölbreyttum verkefnum með þjónustunotendum.

Miðlar þekkingu til samstarfsfólks, þjónustunotenda og aðstandenda. Ber ábyrgð á aðlögun nýrra starfsmanna og handleiðslu félagliðanema.

Þekkir lög og reglugerðir um starf félagliða og fylgir þeim í daglegu starfi.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum og tekur þátt í gerð gæðahandbóka og verkferla til þess að bæta þjónustu við notendur.

Starfar eftir gildandi siðareglum, viðmiðum um trúnað, þagmælsku og persónuvernd.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, tileinkar sér nýjungar á sínu sviði og hagnýtir þá þekkingu.

Hugar að vinnuvernd og öryggi á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Ber ábyrgð, í samráði við annað fagfólk, á tiltekinni stjórnun á stofnunum og öðrum starfseiningum sem falla undir starfssvið félagsliða.